NÝTT VIÐBÓTARDIPLÓMANÁM

Heilsugæsluhjúkrun með áherslu á brjóstagjöf

HEFST HAUSTIÐ 2022. UMSÓKNARFRESTUR 15. APRÍL

Um námið

Nemendur öðlast gagnreynda þekkingu á efni er tengist brjóstagjöf, allt frá líffæra- og lífeðlisfræði brjóstagjafar til sérhæfðari þekkingar á hinum ýmsu áskorunum og verkefnum sem upp geta komið við brjóstagjöf. Auk þess verður lögð sérstök áhersla á heildrænt heilsufarsmat móður, barns og fjölskyldu, áhrif á árangur brjóstagjafar, samskiptafærni og þjálfun ráðgjafar

Að námi loknu

Nemendur geta fengið hluta af diplómanámi sínu metið sem hluta af meistaranámi í hjúkrunarfræði.
Miðað er við að lágmarkseinkunn í einstökum námskeiðum í diplómanámi sé 6,0.

Markmið

Markmið diplómanámsins er að auka þekkingu og færni hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra í brjóstagjöf og brjóstagjafarráðgjöf. Ekkert er því til fyrirstöðu að diplómanemendur taki önnur námskeið á meistarastigi þó þau tilheyri ekki námsleiðinni, ef forkröfur leyfa, sem koma þá ekki til gráðu.

Inntökuskilyrði

BS-próf í hjúkrunarfræði eða samsvarandi próf með að lágmarki 6,5 í aðaleinkunn úr BS-prófi, góð enskukunnátta og íslenskt hjúkrunarleyfi.

HÍ | HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

Nánar á hjukrun.hi.is
Hjúkrunarfræðideild HÍ, Eiríksgötu 34, 101 Reykjavík
Sími 5254960, hjukrun@hi.is, www.hi.is/hjukrunarfraedi